



eins og Jesús

BETA

Biblían segir frá einni heildarsögu sem hjálpar okkur að skilja líf okkar **06**

?

vissir þú að...

Biblían var skrifuð af meira en 40 mismunandi höfundum á yfir 1500 árum

Þessir höfundar voru meðal annars konungar, fjárhirðar, fiskimenn, læknar, bændur og margir aðrir

Þessir höfundar skrifuðu í höllum, fangelsum og eyðimörkum

sem voru á víð og dreif um meginland Asíu, Evrópu og Afríku

Biblían inniheldur meira en 773.000 orð

og er skrifuð á grísku, hebresku og arameísku

**Saman segja þeir
allir EINA sögu...**



photo: sxc Lusi

Það að þekkja þessa sögu fær okkur til á sjá í gegnum ákveðin gleraugu

með því að horfa í gegnum þessi gleraugu gerir þessi mikla saga af baráttu alheimsins okkur kleift að skilja af hverju lífið er eins og það er

Sagan hjálpar okkur að sjá hvað Guð hefur verið að gera, er og mun gera...

...og hjálpar okkur að sjá hvernig okkar líf passar inn í þessa sögu...



sögulegar staðreyndir

Heildarsaga verka Guðs í okkar heimi hangir á sjö litlum sögum hér fyrir neðan. Þær útskýra hvers vegna það er svona mikilvægt að endurspeglu lyndiseinkunn Jesú.

1

Fall Satans og engla hans af Himnum

Satan vildi vera eins og Guð. Vegna stolts byrjaði Satan stríð á himni gegn Guði og stjórn Hans. Þar af leiðandi voru Satan og einn þriðji af englum gerðir brottrækir frá himnum. Stolt Satans og reiði jókst þegar hann seinna byrjaði að reyna að tortíma fólkinu sem Guð hafði gert eftir sinni eigin lyndiseinkunn. Sem fallinn engill vannur hann og englar hans, ósýnilegis mannlegum augum.

Jesaja 14:12-15
Esekíel 28:14-17
Opinberunarbókin 12:7-9
Efesusbréfið 6:10-12

2

Sköpun

Guð skapaði okkur í sinni mynd, eftir sinni lyndiseinkunn. Allt sem Guð gerði var fallett og veitti Honum og öllum alheiminum mikla ánægju.

1. Mósebók 1:26-27
1. Mósebók 1:31
Jobsbók 38:4-7

3

Fall mannsins

Stuttu eftir sköpun fór Eva til skilningstrés góðs og ills, einmitt á staðinn sem Guð hafði sagt henni að halda sig frá. Það var þar sem að Satan gat freistað hennar. Þegar hún og Adam óhlýðnuðust Guði uppgötvaðu þau skyndilega að þau voru án klæða. Synd þeirra hafði brotið lyndiseinkunn Guðs innra með þeim. Svo nú þegar lyndiseinkunn Hans innra með þeim var brotin, hvarf dýrð Hans sem umlukti þau. Ekki nóg með það, þau byrjuðu að upplifa afleiðingar af óhlýðni þeirra. Þau byrjuðu að deyja.

Hvernig gátu þau og öll börnin þeirra sem komu á eftir bjargast frá afleiðingum synda sinna?

1. Mósebók 3:1-12



hugsum málið

1. Hvaða nýja hluti lærdir þú um sögu Biblíunnar?

2. Hvers vegna heldur þú að það sé mikilvægt að skilja Biblíuna sem eina heildarsögu?

„Ég er búinn að lesa síðustu blaðsíðuna í Biblíunni.
Þetta fer allt saman vel.“

Billy Graham

4

Frelsun

Syndin leiðir alltaf til dauða. Sem syndarar erum við dæmd til að deyja eilífum dauða. En Jesús kom og dó í okkar stað. Hann tók refsinguna fyrir syndina sem við hefðum átt að fá. Svo þegar ég treysti Guði að Jesús hefur dáið fyrir mig þá lítur Guð svo á að ég sé frjálss frá afleiðingum synda minna, það er að segja frá eilífum dauða. En það sem er mikilvægast núna er að ég er frjálss til að vinna með Guði þegar Hann vinnur að því að koma aftur sinni lyndiseinkunn á mig. Þeirri lyndiseinkunn sem Adam og Eva misstu í Eden. Þegar Guð klæddi Adam og Evu í skinnkyrtla táknaði það þessa frelsun. Það táknaði dýrðlegt réttlæti Jesús sem umlykur þau aftur.

Jesaja 53:4-6
Rómverjabréfið 6:23
Rómverjabréfið 3:21-24

5

Dómur

Hver getur sagt hver sé sannarlega frelsaður? Aðeins Guð getur það. En þar sem að Satan hefur ásakað Guð um ósannngirni og óréttlæti frá byrjun hefur Guð opinn dóm þar sem Hann leyfir öllum alheiminum að sjá að ákvarðanirnar sem Hann gerði voru réttar, góðar og sanngjarnar. Við frelsumst fyrir traust okkar á Jesús. Hins vegar setur Jesús það mjög skýrt fram að við erum dæmd eftir því hvort við höfum brugðist við frelsun Hans með því að vinna með Heilögum Anda í að endurspegla lyndiseinkunn Jesús í lífi okkar.

Rm. 14:10-12
Daníels 7:9-10
Mt. 25:31-46

6

Endurkoman

Jesús lofaði að Hann myndi koma aftur til jarðarinnar og að Hann myndi gera það í holdi eins og þegar Hann kom í fyrsta sinn. Þetta mun ekki verða leynilegur atburður heldur sýnilegt öllum. Á þeirri stundu á „einu augabragði“ verða líkamar okkar klæddir sömu dýrð og Adam og Eva klæddust í Eden.

Jh 14:1-3
Postulasagan 1:9-10
Mt. 24:24-27
1 Korintubríf 15:35-55

7

Tortíming Satans og hinna vondu og endursköpun jarðarinnar

Eftir 1000 ár með Jesús á himnum munum við dæma Satan, engla hans og hina vondu. Þegar að þessi dómur hefur verið kunngerður mun Guð torfíma heiminum með eldi og endurskapa hann eins og Hann ætlaði honum að vera í byrjun. Við munum svo lifa á jörðinni og endurspegla lyndiseinkunn Jesús, betur og betur það sem effir er af eilífdönni.

1 Korintubríf 6:3
Op. 20:7-15
Op. 21:1-5
2 Korintubríf 3:18



Venjur til að endurspegla huga Jesús
~ gleraugu Guðs

Ef þú gengir með gleraugu með bláu lituðu gleri myndi allt sem þú sæir í gegnum þau vera litað bláum tón. Við horfum öll í gegnum gleraugu með mismunandi lituðu gleri. Þessi gleraugu eru lituð af því sem við trúum.

Ef við horfum á lífið í gegnum Biblíuleg gleraugu lituð af sögunni sem við höfum verið að líta á munum við túlka lífið í gegnum augu himinsins. Þessi gleraugu eru gleraugu Guðs þau sömu og Guð notar þegar Hann lítur á okkur og okkar heim.



Áskorunin fyrir okkur er að lifa lífinu og ganga með gleraugu Guðs. Í hvaða aðstæðum sem við lendum getum við horft í gegnum gleraugu Guðs og séð hvað Guð sér þegar Hann lítur á aðstæður okkar. Ef þú gengur með gleraugu Guðs hvað myndir þú segja við einhvern sem segir:

1. Að hann getur ekki trúað á Guð út af allri þjáningunni í heiminum

2. Að hann hafi séð fljúgandi furðuhlut eða draug
3. Að það eina sem við þurfum að gera til að fara til himna sé að segja, „Ég trú á Jesú“
4. Að Guði sé sama hvernig maður lifir lífinu

Til þess að hjálpa þér að finna rétt svör skaltu tengja hvert svar við eina eða fleiri hluta heildarsögunnar.



yfirlit

Í „sögulegar staðreyndir“ sáum við 7 atburði sem hafa verið að gerast frá upphafi tímans eins og við þekkjum hann og útskýra heildarsöguna. Ef við viljum skilja Biblíuna á skýran og greinilegan hátt verðum við að þekkja þessa 7 atburði mjög vel. Þessir 7 atburðir útskýra ekki aðeins alla af Biblíuna, heldur hjálpa okkur líka að skilja hvað er að gerast í lífi okkar.

Í „hugsum málið“ fékkstu áskorun á þínum eigin skilningi á heildarsögunni. Því þegar þú getur útskýrt þetta muntu skilja betur margt sem Guð er að gera í þínu lífi.

Í „venjur til að endurspeglar Jesú“ æfðum við okkur í því að nota söguna í Biblíunni til þess að skilja það sem er að gerast í okkar lífi.



tími minn með Guði

Ímyndaðu þér að þú ættir vin sem væri að berjast við að skilja suma hluti. Skrifaðu stutt bréf til þessa vinar í dagbókina þína og útskýrðu eftirfarandi hluti (mundu að tengja hvert svar við Biblíuvers úr hlutunum 7 úr heildasögunni):

1. Af hverju tekur Guð ekki burt krabbameinið sem lækarnir hafa fundið í besta vini, þessa vinar þíns.
2. Af hverju líður honum upp á síðkastið eins honum langi til að gefast upp, hann veit ekki hvort lífið sé þess virði að lifa því.
3. Af hverju virðist hann alltaf gera það sem er rangt, þegar hann langar að gera það sem er rétt.
4. Hvernig er hægt að fá lyndiseinkunn eins og Jesús þegar við erum syndarar.
5. Hvað gerist við endurkomu Jesú.
6. Hver er áætlun Guðs fyrir okkar brostna heim.



láttu ganga!

Getur þú kennt einhverjum öðrum hvernig maður gengur með gleraugu Guðs?



auka hjálp

Ef þú vilt dýpka skilning þinn á Biblíunni sem einni heildarsögu, geturðu lesið fimm bækur Ellen White um alla hluta heildarsögunnar. Bækurnar heita Ættfeður og spámenn (frá falli Satans til Davíðs); Spámenn og konungar (frá Salómon til enda Gamla Testamentisins); Þrá Aldanna (Líf og kenningar Jesú); „Acts of the Apostles“ (saga frumkirkjunnar eftir upprisuna); Deilan mikla (frá falli Jerúsalems til endursköpunar jarðarinnar).